

AUGLÝSING

um áréttað bann við innflutningi frá Kína, Tælandi, Malasíu, Vietnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan, Norður-Kóreu, Hong Kong, Rúmeníu og Tyrklandi vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dýrasjúkdómayfirvöldum í viðkomandi ríkjum um upprætingu á Avian Influensu í Kína, Tælandi, Malasíu, Vietnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan, Norður-Kóreu, Hong Kong, Rúmeníu og Tyrklandi, en Avian Influensa er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og hefur aldrei greinst á Íslandi, er áréttað bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá ofangreindum ríkjum.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varðar viðurlögum skv. 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 15. janúar 2006. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 870/2005, um framlengingu banns við innflutningi frá Kína, Tælandi, Malasíu, Vietnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan, Norður-Kóreu og Hong Kong, vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

Landbúnarráðuneytinu, 14. október 2005.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.